



Fundur háskólaráðs 26. júní 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 23.06.2003
Dags: 26.06.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

11/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 26. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurgestsson, Stefán Svavarsson, Ármann Höskuldsson, Davíð Gunnarsson, Þorsteinn Loftsson, Hjalti Hugason, María Guðmundsdóttir, Þórður Harðarson og Anna Soffía Hauksdóttir.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Kostnaðaráætlun Náttúrufræðahúss. Staða mála.
Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs og gerði grein fyrir málinu.
- 1.2 Lagt fram svarbréf rektors til Áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema vegna kæru Sifjar H. Gröndal, Bjargar Jónsdóttur og Jóhanns M. Haukssonar.
- 1.3 Lögð fram áætlun um fundi og viðburði í Háskólanum á haustmisseri 2003.
- 1.4 Lagt fram yfirlit um dómnefndarmál frá 1. júní 2002 til 31. maí 2003.
- 1.5 Lögð fram ársskýrsla Rannsóknþjónustu Háskólans 2002.
- 1.6 Málþing rektors, Rannsóknir og menntun í dreifðum byggðum 25. september kl. 14.00 – 17.00.
- 1.7 Lagt fram minnisblað rektors fyrir fund með Tómasi Inga Olrich menntamálaráðherra, 24. júní 2003.
- 1.8 Lögð fram skýrsla um helstu atriði um starfsemi styrktarsjóða Háskóla Íslands árin 2001 og 2002.
- 1.9 Umsögn til rektors um árangur jafnréttisstarfs í Háskóla Íslands.
Anna Soffía Hauksdóttir og Hjalti Hugason gerðu grein fyrir umsögninni.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Tillaga viðskipta- og hagfræðideildar að endurskoðuðum reglum um rannsóknánám í deildinni, sbr. síðasta fund. Minnisblað frá akademískri stjórnýslu lagt fram.
- Samþykkt einróma.
- 2.2 Erindi forseta tannlæknadeildar, sbr. síðasta fund, um að Helgi Magnússon adjunkt verði kallaður til þess að gegna sérstöku persónubundnu starfi lektors við deildina.
- Samþykkt einróma.
- 2.3 Erindi viðskipta- og hagfræðideildar, sbr. síðasta fund, um heimild til að taka skólagjöld í meistaranámi.
- Samþykkt einróma að vísa málinu til umsagnar 10. háskólafundar sem rektor mun boða til þann 8. september.
- 2.4 Erindi formanns stjórnar Lagastofnunar Háskóla Íslands og forseta lagadeildar, sbr.

síðasta fund, um samþykki háskólaráðs til að breyta reglum um Lagastofnun Háskóla Íslands. Minnisblað frá akademískri stjórnarsýslu lagt fram.

- Samþykkt einróma.

- 2.5 Stjórn Minningarsjóðs dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors, sbr. síðasta fund. Rektor lagði til að í stjórnina verði kjörin:
Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í heimspekideild,
Margrét Eggertsdóttir, fræðimaður á Stofnun Árna Magnússonar og
Guðrún Ása Grímsdóttir, vísindamaður á stofnun Árna Magnússonar.
- Samþykkt einróma.
- 2.6 Tillögur nefndar um endurskoðun laga og reglna um dómnefndir og fleiri þætti ráðningarmála, sbr. síðasta fund. Lagt var fram minnisblað um efni tillagnanna. Inn á fundinn komu Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans, og gerðu grein fyrir tillögum nefndarinnar. Málið var rætt ítarlega.
- Samþykkt einróma að vísa málinu til umsagnar 11. háskólafundar í nóvember nk.
- 2.7 Tillaga lagadeildar að breytingu á ákvæðum 1. mgr. 92. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, sem samþykkt var á deildarfundi í lagadeild þann 15. maí 2003. Minnisblað frá akademískri stjórnarsýslu var lagt fram.
- Samþykkt einróma.
- 2.8 Lagt fram minnisblað frá akademískri stjórnarsýslu, dags. 23. júní 2003, um reglur stofnana, stöðu mála, ásamt tímaáætlun um lok verksins, sbr. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um H.Í. nr. 41/1999. Einnig lögð fram frumdrög, dags. 23. júní 2003, að reglum um Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu, gerði grein fyrir málinu.
- Verklagið var samþykkt einróma.
- 2.9 Lögð fram drög, dags. 23. júní 2003, að samstarfssamningi Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.
- Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá samningnum.
- 2.10 Lögð fram drög, dags. 19. júní 2003, að samstarfssamningi Háskóla Íslands og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindagreinum.
- Samþykkt samhljóða að fela rektor að ganga frá samningnum.
- 2.11 Skipan tveggja fulltrúa Háskóla Íslands í samstarfsnefnd um málefni sammings H.Í. og FSA, sem undirritaður var 29. apríl 2003.
- Samþykkt einróma að skipa Stefán B. Sigurðsson prófessor og Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur dósent fulltrúa Háskólans í samstarfsnefndinni.
- 2.12 Skipun stjórnar Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands, sbr. 5. grein reglna stofnunarinnar.
Rektor lagði til að í stjórnina verði kjörin:
Rögnvaldur Ólafsson tilnefndur af rektor, verði formaður,
Orri Hlödversson tilnefndur af stjórn fræðasetursins í Hveragerði,
Gísli Pálsson tilnefndur af stjórn fræðasetursins í Vestmannaeyjum,
Jörundur Svavarsson, tilnefndur af stjórn fræðasetursins í Sandgerði og
Rannveig Ólafsdóttir tilnefnd af stjórn fræðasetursins á Höfn.
- Samþykkt einróma.
- 2.13 Skipun bráðabirgða námsstjórnar fyrir þverfaglegt nám á meistarastigi í upplýsingatækni á heilbrigðisviði. Minnisblað var lagt fram á fundinum.
Rektor lagði til að í námsstjórnina verði kjörin:
Ásta Thoroddsen lektor, verði formaður,

Anna Birna Almarsdóttir dósent,
Connie Delaney prófessor,
Hjálmtýr Hafsteinsson dósent,
Kristín Erla Harðardóttir verkefnisstjóri og
María Heimisdóttir lækni.
Halldór Jónsson gerði grein fyrir málinu.

- Tillaga rektors að skipun námsstjórnar til bráðabirgða samþykkt einróma. Stjórninni verði falið að undirbúa málið frekar og leggja fram kostnaðaráætlun.

2.14 Lagt fram erindi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, dags. 11. júní 2003, vegna mats á prófi í eignarétti.

- Málinu frestað að ósk Davíðs Gunnarssonar, fulltrúa stúdenta.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1. Drög að umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna. Halldór Jónsson gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði hugverkanefndar og akademískrar stjórnarsýslu, dags. 25. júní 2003. Málið var rætt ítarlega.

- Háskólaráð lýsti sig samþykkt fyrirbyggjandi drögum að umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna.

3.2. Málefni Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfisstofnunar, sbr. samþykkt háskólaráðs 25. október 2001 og bókun ráðsins 19. desember 2002 við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2003.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

3.3. Málefni Upplýsingaþjónustu Háskólans, sbr. bókun háskólaráðs 19. desember 2002 við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2003.

Lagt fram minnisblað um málið.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins.

- Ákvörðun frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál

4.1 Erindi frá Þorsteini Loftssyni um málefni lyfjasviðs LSH og samvinnu H.Í. og LSH í því efni.

- Rektor gerði rækilega grein fyrir málinu og var það rætt. Háskólaráð telur að undirbúningur ákvörðunar um val á sviðsstjóra lyfjasviðs LSH hafi ekki verið í samræmi við samning H.Í. og LSH. Rektor falið að taka þetta mál og önnur hliðstæð upp við forstjóra LSH.

4.2 Samningar H.Í. við Stúdentaráð vegna háskólaársins 2003 – 2004.

Davíð Gunnarsson gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá samningum við Stúdentaráð Háskóla Íslands um rekstur skrifstofu og þjónustu við nemendafélög á sömu nótum og á því háskólaári sem nú er að ljúka.

Að formlegri dagskrá lokinni þakkaði rektor f.h. háskólaráðs Herði Sigurgestssyni fyrir ánægjulegt og gagnlegt samstarf, en þetta var seinasti fundur Harðar sem fulltrúi þjóðlífs í háskólaráði. Þakkaði Hörður háskólaráðsmönnum og starfsmönnum fyrir gott samstarf á sl. fjórum árum.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 15.20

